

Fjárlagafrumvarp 2011 (1. umr.) – útgjöld ráðuneytisins dragast saman um 8,3%

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2011 eru áætluð um 936 m.kr. á rekstrargrunni. Með teknu tilliti til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum lækka útgjöldin um 81,7 m.kr. milli ára eða sem svarar til 8,3%.

Útgjöld og fjármögnun forsætisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	890,3	746,7	676,7	-9	-24
Neyslu- og rekstrartilfærslur	150,4	133,5	131,8	-1	-12
Stofnkostnaður og viðhald	164,9	105,4	95,4	-9	-42
Samtals	1.205,60	985,6	903,9	-8	-25

Hagræðingar- og sparnaðaraðgerðir, 88,5 m.kr. eða 9%

Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum sem voru að ná fram 9% lækkun á veltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana. Í undirbúningi og greiningu forsætisráðuneytisins á hugmyndum og valkostum í aðaldráðstöfunum árið 2011 var horft til niðurskurðar fyrra árs sem og rekstraráætlana liða og stofnana fyrir árið í ár, hverjar afgangsheimildar eru sem og hvar möguleiki er á sértækum aðgerðum í sparnaðarskyni. Ekki var farið í flatan niðurskurð á alla liði og stofnanir forsætisráðuneytisins heldur var markmiðið að tillögugerð ráðuneytisins um niðurskurð mætti byggja á traustum forsendum og verði líkleg til að endurspegla árangur. Sparnaðartillögur forsætisráðuneytisins fyrir árið 2011 nema samtals 88,5 m.kr. eða 9%.

Rekstrargjöld eru um 74,9% af útgjöldum ráðuneytisins eða 676,7 m.kr. og lækka um 70 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 77,9 m.kr., eða 10,4%, vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs.

Neyslu- og rekstrartilfærslur eru um 14,6% af útgjöldum ráðuneytisins og lækka um 1,7 m.kr. milli ára og verða 131,8 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður nemur um 10,5% útgjalda ráðuneytisins og er áætlaður 95,4 m.kr. og er það 10 m.kr. lækkun milli ára.

Sparnaður - skipting eftir málaflokkum ráðuneytisins	Fjárlög 2010 m.kr.	Sparnaður m.kr.	Sparnaður %	Útgjalda- skuldb. og verðlagsh.	Frumvarp 2011 m.kr.
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	305,7	-27,0	9%	3,8	282,5
Ýmis verkefni	234,9	-22,3	9%	-1,7	210,9
Stofnanir	445,0	-39,2	9%	4,7	410,5
Samtals	985,60	-88,5		6,80	903,90

Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2011 en þær nema 37 m.kr. Þar af eru 6 m.kr. vegna breytinga á fjárheimildum verkefna sem fjármögnuð eru að fullu með ríkistekjum og hafa þar með ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 35 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 2 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkunar ársins 2011, sem eru áætlaðar 4,8 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 903,9 m.kr.

01 Forsætisráðuneytið

	Frumvarp 2011	Fjárlög 2010	breyting frá fyrra ári m.kr.	breyting frá fyrra ári m.kr.	Skýring
Rekstrargjöld (að frádr. sértekjum)	676,7	746,7	-70,0	-9,37%	Lækkun um 70 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar af nemur verðlagshækkun 6,9 m.kr. Nýjar útgjaldaskuldbindingar eru 26 m.kr. en tímabundin verkefni sem falla niður eru 25 m.kr. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar samtals um 10,4% af rekstrarveltu eða alls um 77,9 m.kr.
Neyslu- og rekstrartilfærslur	131,8	133,5	-1,7	-1,27%	Lækkun á viðhalds- og stofnkostnaði milli ára er 1,7 m.kr. Lækkun stafar af 2,6 m.kr. sparnaðarráðstöfun, eða 1,95%) og 2,1 m.kr. verðlagslækkun en á móti er ný skuldbinding vegna hátíðarhalda 17. júní ár hvert að fjárhæð 3. m.kr. Mismunurinn gerir -1,7 m.kr..
Stofnkostnaður og viðhald	95,4	105,4	-10,0	-9,49%	Viðhalds- og stofnkostnaður lækkar um 10 m.kr. milli ára. Nýjar skuldbindingar eru 8 m.kr. en tímabundin verkefni sem falla niður eru 10 m.kr. Sparnaðarráðstöfun er -8 m.kr. eða -7,59%
Heildargjöld FOR	903,9	985,6	-81,7	-8,29%	

Heildargjöld forsætisráðuneytis á rekstrargrunni árið 2011 eru áætlað 903,9 m.kr., þ.e. gjöld umfram sértekjur, samanborið við 985,6 m.kr. árið á undan byggð á sömu forsendum. Um er að ræða lækkun sem nemur samtals með launa- og verðlagshækkun 81,7 m.kr. eða 8,3% frá fjárlögum fyrra árs.